

Stjórnarfundur Félag hrossabænda

Hótel Sögu 18.04.2013

Í kjölfar formannafundar var haldinn stuttur stjórnarfundur. Mættir voru allir stjórnarmenn utan Sigbjörns sem var farinn á Skeiðvelli til að stýra námskeiði fyrir unga sýnendur kynbótahrossa.

Erindi frá Katrínu Sigurðardóttur hjá Ice-Events tekið fyrir og *samþykkt að styrkja nýja gestastofu íslenska hestsins* á Skeiðvöllum í Holta- og Landssveit um kr. 80.000 til uppsetningar myndasýningu. Einnig mun framkvæmdastjóri FHB aðstoða staðarhaldara við öflun gagna og efnis til framsetningar á sýningunni og FHB leggja til ýmislegt kynningarefni sem það á í sínum röðum.

Farið yfir *samstarf við FT og sameiginleagan skrifstofurekstur*. FT hefur óskað eftir að fá að reka sameiginlega skrifstofu áfram en minnka starfshlutfall starfsmanns sín megin. Huldu og Vigni falið að ganga frá málinu við stjórn FT.

Hulda fór yfir undirbúning fyrir *Hestatorg á HM* í sumar, verkefnið farið af stað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.

HGG/hgg